

Á fundinn mættu 32 félagar. Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hún tilnefndi Eydísi Arnviðardóttur fundarstjóra og Áslaugu Óttarsdóttur og Sigurbjörgu Björnsdóttur fundarritara. Fundurinn samþykkti tilnefninguna og Eydís tók við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

a) Skýrsla stjórnar.

Þórdís T. Þórarinsdóttir kynnti skýrsluna sem fundarmenn höfðu fengið í hendur. Fram kom í máli fundargesta mikil ánægja með störf stjórnarinnar. Sérstaklega var þakkað fyrir þau afsláttarkjör sem félagið hefur aflað meðlimum.

b) Skýrslur hópa og nefnda.

Fanney Sigurgeirsdóttir gjaldkeri flutti skýrslu Ferðasjóðs Upplýsingar. Vala Nönn Gautsdóttir varaformaður flutti skýrslu hópa og nefnda og í máli hennar kom fram að skýrslur hópanna (um 20 talsins) myndu birtast í Fregnum. Orðið var gefið laust en enginn kvaddi sér hljóðs.

c) Reikningar félagsins.

Lilja Ólafsdóttir fráfarandi gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins. Nokkrar umræður urðu um reikninga félagsins. Hulda B. Þorkelsdóttir vildi að bókasöfnin kæmu meira að rekstri félagsins með fjárframlögum. Vangaveltur voru um hvort meta ætti stærð sveitarfélagsins með tilliti til fjárframlags. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Fanney Sigurgeirsdóttir gjaldkeri Upplýsingar kynnti fjárhagsáætlunina og Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður kynnti framkvæmdaáætlunina. Engar athugasemdir gerðar.

e) Árgjald.

Fanney Sigurgeirsdóttir gjaldkeri bar fram tillögu stjórnar um hækkun árgjaldsins úr 4500 krónum í 5000 krónur. Árgjald nema yrði 2500 krónur og 10.000 krónur fyrir stofnanir. Tillagan samþykkt með miklum meiri hluta greiddra atkvæða.

f) Lagabreytingar og skipurit.

Eydís Arnviðardóttir fundarstjóri og formaður lagabreytinganefndar kynnti tillögur að lagabreytingum.

**Núverandi lög:** 3. gr. Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- a) Bókasafns- og upplýsingafræðingar svo og þeir sem starfa á rannsóknarbókasöfnum, almenningsbókasöfnum, sérfræðibókasöfnum, skólasöfnum, starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem vinna að upplýsingamiðlun.
- b) Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Nemar, sem óska eftir aukaaðild, hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.
- c) Áhugamenn um markmið félagsins.
- d) Almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem starfa að upplýsingamálum. Stofnanaaðild fylgir ekki atkvæðisréttur.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar á stjórnarfundum.

**Breytingatillaga:** 3. grein – Félagsaðild

**Í d) lið falli niður setningin:** *Stofnanaaðild fylgir ekki atkvæðisréttur.*

**Viðbætur aftan við núverandi grein:** *Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni, auk eintaka af fréttabréfum og/eða fagtímaritum félagsins. Nemar, fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagtímarit og fréttabréf þess.*

**Greinin eftir breytingar:** 3. grein – Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- Bókasafns- og upplýsingafræðingar svo og þeir sem starfa á rannsóknarbókasöfnum, almenningsbókasöfnum, sérfræðibókasöfnum, skólasöfnum, starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem vinna að upplýsingamiðlun.
- Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Nemar, sem óska eftir aukaaðild, hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.
- Áhugamenn um markmið félagsins.
- Almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem starfa að upplýsingamálum.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar á stjórnarfundum.

Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni, auk eintaka af fréttabréfum og/eða fagtímaritum félagsins. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagtímarit og fréttabréf þess.

**Núverandi lög:** 4. gr. Skipulag

Starfsemi félagsins skiptist á eftirfarandi svið:

- Stjórnunarsvið.
- Fjármálasvið.
- Útgáfusvið.
- Fræðslu- og ráðstefnusvið.
- Fagsvið.

Á hverju sviði skal starfað samkvæmt skipuriti sem staðfest hefur verið á aðalfundi.

Stjórn félagsins eða félagsfundur er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirmælum hverju sinni. Þeim skal með erindisbréfi setja starfsreglur þar sem viðfangsefni er skilgreint, starfstímabil ákveðið og hver nefndarmanna sé ábyrgur fyrir störfum hennar.

**Breytingatillaga:** 4. grein - Skipulag

**Felld verði niður setningin:** *Á hverju sviði skal starfað samkvæmt skipuriti sem staðfest hefur verið á aðalfundi.*

**Greinin eftir breytingar:** 4. gr. Skipulag

Starfsemi félagsins skiptist á eftirfarandi svið:

- Stjórnunarsvið.
- Fjármálasvið.
- Útgáfusvið.
- Fræðslu- og ráðstefnusvið.
- Fagsvið.

Stjórn félagsins eða félagsfundur er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirmælum hverju sinni. Þeim skal með erindisbréfi setja starfsreglur þar sem viðfangsefni er skilgreint, starfstímabil ákveðið og hver nefndarmanna sé ábyrgur fyrir störfum hennar.

**Núverandi lög:** 5. gr. Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og einum meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjóri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa sérstaklega. Þeir skulu kosnir til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður mega sitja þrjú kjörtímabil samfellt.
- b) Aðra stjórnarmenn og varamenn skal kjósa til tveggja ára. Stjórnarmenn mega sömuleiðis sitja þrjú kjörtímabil í senn. Seta í stjórn skerðir ekki rétt til kjörgengis til formanns.

Heimilt er að kjósa félag að nýju í stjórn þegar ár er liðið frá því að hann vék úr henni.

**Breytingatillaga:** 5. grein – Stjórnarkjör

**Í stað einum meðstjórnanda í annarri línu komi vefstjóra. Aftan við núverandi grein bætast við eftirfarandi setningar:** Heimilt er að framlengja þriðja kjörtímabil formanns, varaformanns og stjórnarmanna um eitt ár.

*Við stjórnarkjör til félagsins skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins sem og í nefndum og ráðum þess.*

**Greinin eftir breytingar:** 5. gr. Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og vefstjóra. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjóri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa sérstaklega. Þeir skulu kosnir til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður mega sitja þrjú kjörtímabil samfellt.
- b) Aðra stjórnarmenn og varamenn skal kjósa til tveggja ára. Stjórnarmenn mega sömuleiðis sitja þrjú kjörtímabil í senn. Seta í stjórn skerðir ekki rétt til kjörgengis til formanns.

Heimilt er að kjósa félag að nýju í stjórn þegar ár er liðið frá því að hann vék úr henni.

Heimilt er að framlengja þriðja kjörtímabil formanns, varaformanns og stjórnarmanna um eitt ár.

Við stjórnarkjör til félagsins skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins sem og í nefndum og ráðum þess.

**Núverandi lög:** 7. gr. Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

- a) Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- b) Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- c) Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- d) Halda almenna félagsfundi.

**Breytingatillaga:** 7. grein – Verksvið stjórnar

**Við bætist e) liður:** Stjórnin skal halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög, sem félagið á aðild að, og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

**Greinin eftir breytingar:** 7. gr. Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

*Fundargerð sjötta aðalfundar Upplýsingar – Félags bókasafns- og upplýsingafræða*  
*9. maí 2005 kl. 15:15 í fyrirlestrasal Þjóðarbókhöðdu*

- a) Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- b) Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- c) Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- d) Halda almenna félagsfundi.
- e) Stjórnin skal halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög sem félagið á aðild að og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

**Núverandi lög:** 8. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- e) Árgjald.
- f) Lagabreytingar og skipurit.
- g) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5 gr.
- h) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- i) Kosning í nefndir.
- j) Önnur mál.

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur.

**Breytingatillaga:** 8. grein - Aðalfundur

**Í f) lið felur niður orðið skipurit til samræmis við breytingar á 4. grein.**

**Orðið nefndir í i) lið verði fastanefndir og aftan við bætist til tveggja ára í senn.**

**Aftast komi ný setning: Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.**

**Greinin eftir breytingar:** 8. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- e) Árgjald.
- f) Lagabreytingar.
- g) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5 gr.
- h) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- i) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
- j) Önnur mál.

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.

**Núverandi lög:** 10. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf árgjald einstaklings, en stofnanir tvöfalt árgjald. Heiðursfélagar og þeir sem hafa náð 70 ára aldri eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda félaga.

**Breytingatillaga:** 10. grein – Félagsgjöld

**Niður falli setningin:** *Heiðursfélagar og þeir sem hafa náð 70 ára aldri eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda félaga.*

**Í staðinn komi:** *Eftirlaunafélagar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfelt í a.m.k. 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda félaga.*

**Ný setning:** *Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal hann felldur út af félagaskrá*

**Aftast í greinina komi önnur ný setning:** *Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í febrúar með eindaga 15. apríl.*

**Greinin eftir breytingar:** 10. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf árgjald einstaklings, en stofnanir tvöfalt árgjald

Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfelt í a.m.k. 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda félaga.

Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal nafn hans fellt út af félagaskrá

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í febrúar með eindaga 15. apríl.

**Núverandi lög:** 15. gr. Bráðabirgðaákvæði

Á stofnfundi félagsins skal kjósa 7 manna stjórn. Formann skal kjósa sérstaklega til eins og hálfis árs, eða fram til aðalfundar árið 2001, svo og tvo stjórnarmenn. Þá skal kjósa varaformann og þrjá stjórnarmenn til tveggja og hálfis ára, eða fram til aðalfundar árið 2002.

**Breytingatillaga:** 15. grein - Bráðabirgðaákvæði

Bráðabirgðaákvæði laganna fellur niður þar sem ákvæði þess hefur runnið sitt skeið. Eftir að Eydís hafði lagt fram tillögurnar urðu nokkrar umræður um þær.

Tvær breytingartillögur komu fram.

Breytingartillaga við breytingartillöguna við 3. grein laganna.

*Nemar, fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagtímarit og fréttabréf þess.*

Ákveðið var að fella niður orðið *nemar* í upphafi setningarinnar.

Einnig kom fram breytingartillaga frá Báru Stefánsdóttur við breytingartillöguna við 8. grein laganna.

**Í staðinn komi:** *Eftirlaunafélagar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfelt í a.m.k. 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda félaga.*

Samþykkt var að bæta við orðinu lífeyrisþegar þannig að upphaf setningarinnar yrði Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar.

Aðrar tillögur við lagabreytingarnar voru samþykktar samhljóða.

g) Kosning stjórnar og varamanna.

Þórdís T. Þórarinsdóttir endurkosin formaður félagsins. Lilja Ólafsdóttir sem verið hefur gjaldkeri 3 tímabil gefur ekki kost á sér áfram. Fram kom að Fanney Sigurgeirsdóttir hefur tekið við gjaldkeraembættinu. Hulda B. Þorkeldsdóttir gaf kost á sér í stjórnina í stað Lilju og var það samþykkt samhljóða. Inga Rún Ólafsdóttir lýkur sínu þriðja kjörtímabili sem varamaður en Lilja Ólafsdóttir tekur sæti hennar. Breytingarnar samþykktar samhljóða.

Þórdís T. Þórarinsdóttir þakkaði Lilju sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og færði henni bók frá félaginu sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf. Lilja kvað sér hljóðs, rakti 10 ára samfellda setu sína í stjórnnum bókavarðafélaga hér á landi og þakkaði samstarfsmönnum gott samstarf.

h) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Hildur Gunnlaugsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Monika Magnúsdóttir gefa allar kost á sér áfram. Það var samþykkt samhljóða.

i) Kosning í nefndir.

Breytingar í ritnefnd: Emilía Sigmarsdóttir gefur ekki kost á sér áfram en í stað hennar gefur Ásdís Paulsdóttir kost á sér.

Breytingar á skemmtinefnd:

Erna Jóna Gestsdóttir kemur í stað Margrétar Björnsdóttur.

Breytingar á uppstillinganefnd:

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Sigurbjörg Björnsdóttir og Svava H. Friðgeirsdóttir gefa kost á sér í nefndina.

Aðrar nefndir verða óbreyttar. Þetta var samþykkt samhljóða og mun listi um embættismenn félagsins verða birtur í næstu Fregnum.

Kaffihlé - Veitingar í boði Upplýsingar

j) Önnur mál.

1) Afhending viðurkenninga fyrir bestu íslensku fræðibækurnar fyrir börn og fullorðna fyrir árið 2004. Þórdís T. Þórarinsdóttir lýsti kjöri á fræðibókinni fyrir fullorðna sem var bókin **Íslensk spendýr** sem Páll Hersteinsson ritstýrði og er aðalhöfundur að, Jón Baldur Hlíðberg er myndhöfundur og Vaka-Helgafell gefur út. Fram kom í máli Þórdísar að notagildi ritsins væri mikið og bókin væri snilldarlega myndskreytt og myndum og texta fléttað saman í eina órofa heild. Við gerð þess og frágang allan hafi fagmennska og vandvirkni verið í fyrirrúmi. Höfundar og fulltrúi útgáfunnar tóku við viðurkenningarskjölum og blómvöndum frá félaginu og þökkkuðu heiðurinn.

Engin fræðibók fyrir börn kom til greina sem fræðibók ársins 2004.

2) Fyrirlestur Steinunnar Jóhannesdóttur leikkonu og rithöfundar þar sem hún fjallaði um aðföng sín og aðferð við ritun reisubókar Guðríðar Símonardóttur. Umræður spunnust um efni sögunnar og Steinunn svaraði fjölda fyrirspurnna frá fundarmönnum að loknum fyrirlestrinum.

3) Þórdís T. Þórarinsdóttir flutti lokaorð fundarins, þakkaði Steinunni fyrirlesturinn og sleit fundi kl. 18:35

Áslaug Óttarsdóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir